



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	3
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat Bakka 2024-2025	7
5	Umbótaáætlun Bakka 2025-2026.....	8
6	Innra mat Álfhóls 2024-2025	11
7	Umbótaáætlun Álfhóls 2025-2026	12
8	Innra mat Dvergasteins 2024-2025	15
9	Umbótaáætlun Dvergasteins 2025-2026	16
10	Innra mat Trölladyngju 2024-2025.....	19
11	Umbótaáætlun Trölladyngju 2025-2026.....	20
12	Innra mat Skessubóls 2024-2025	23
13	Umbótaáætlun Skessubóls 2025-2026.....	24
14	Innra mat sérkennslu 2024 - 2025.....	27
15	Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026.....	28
16	Innra mat - börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024-2025.....	30
17	Umbótaáætlun - Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2025-2026.....	31
18	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	33
19	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	33
20	Foreldrasamvinna.....	35
21	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	36
22	Fylgiskjöl	37





1 Greinargerð leikskólastjóra

Þetta skólaár, líkt og árin áður, hefur gengið mjög vel og erum við stolt af starfinu sem unnið er í leikskólanum. Starfsmannahópurinn vinnur vel saman og með sterkum og lausnamiðuðum starfsmannahóp náðist að halda öllum deildum opnum allan veturinn. Þá er það gleðilegt að aldrei þurfti að fella niður undirbúning starfsfólks og stytting vinnuviku starfsmanna leystist vel. Leikskólastjóri Bakkaborgar fór í veikindaleyfi eftir áramót og mun aðstoðarleikskólastjórinn leysa hana af. Litlar breytingar eru á starfsmannahópnum en tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof og munu þeir koma til starfa þegar fæðingarorlofi þeirra líkur.

Á haustönn var nýrri skólanámskrá skilað inn til SFS og bíðum við spennt eftir umsögn vegna hennar.

Bakkaborg er fjölmenningarlegur leikskóli og eru um 60% barna af erlendum uppruna. Við fylgjum tungumálastefnu leikskólans og nú á vormánuðum var læsisstefna leikskólans unnin og má nálgast hana á heimasíðu leikskólans.

Starfsmenn Bakkaborgar leggja mikla áherslu á að styðja og kenna börnunum íslensku með fjölbreyttum leiðum. Málörvun er á öllum deildum og rík áhersla á að tala fjölbreytt íslenskt talmál.

Þarfir barna leikskólans eru fjölbreyttar og við höfum orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að öll þau börn sem þurfa hafa fengið sinn stuðning. Við erum stolt af því starfi sem unnið er með þeim börnum sem og öðru starfi leikskólans.

Starfsdagar voru nýttir til að meta starf leikskólans þar sem við leggjum áherslu á félagsfærni, sjálfsefningu og málörvun. Þá var farið yfir foreldraviðtöl, haldnir voru álmufundir og við fengum fyrirlestra um málörvun, sjálfsefningu og núvitund og samskipti og samstarf. Auk annarrar fræðslu frá Torginu sem nýtist í starfi leikskólans. Þessir dagar eru ávallt vel nýttir og eru starfsfólki mikilvægir til að efla faglegt starf leikskólans enn betur.

Næsta skólaár leggst vel í okkur og hlökkum við til að taka á móti hópi nýrra barna í leikskólann. Við kveðjum einnig þau sem fara í aðra leikskóla og grunnskóla og óskum þeim góðs gengis á nýjum stöðum.

Við tökum vel á móti nýju skólaári með gleði, vináttu og virðingu að leiðarljósi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat





Hvað var metið?	Félagsleg staða barna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum með skráningalista frá KVAN
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólki fannst árangursríkt að nota þessa lista til að sjá og fylgjast með félagslegri stöðu barnanna á deildunum. Styrkleikar eru að finna börnin og geta styrkt þau í leik og starfi. Tækifæri til umbóta sýna að við verðum að vera virk og fylgja eftir áætlunum sem við setjum upp fyrir börn sem þurfa félagslegan stuðning.

Hvað var metið?	Samskipti kennara við börn
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir með skráningarlista KVAN
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deilda.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólk fór yfir hversu mikil samskipti þau áttu við börnin. Metið var magn og tegund samskipta. Starfsmenn settu sér markmið um fleiri jákvæð samskipti við þau börn sem höfðu fengið lítil jákvæð samskipti.





Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans Bakkaborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja er í starfsmannahóp Bakkaborgar. Styrkleikar eru að starfsfólki finnst það hafa skýr mörk á milli einkalífs og vinnu. Flestum finnst þeir fá frí þegar þeir óska eftir því.

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun foreldra
Hvernig fór matið fram?	Könnun send til foreldra og forráðamann, ein könnun fór á hvert heimili
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar og forráðamenn leikskólans Bakkaborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja er í foreldrahóp Bakkaborgar. Styrkleikar eru að börnum líður vel í leikskólanum og starfsfólk þekkir þarfir barnanna vel. Þá var ánægjulegt að sjá að meirihluti foreldra finnst leikskólinn hvetja þá til hæfilegrar þátttöku í starfi leikskólans. Tækifæri til umbóta er að efla starfsfólk til meiri virkni í útiveru og gefa börnunum fleiri tækifæri til skapandi verkefna.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Starfsþróunarsamtöl
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefna að því að halda fjögur snerpusamtöl á skólaárinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp dagatal þar sem þessi viðtöl eru ákveðin þannig að þau falli ekki niður
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk á starfsdegi
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sjáum niðurstöður fjölda viðtala um hversu vel gekk



4 Innra mat Bakka 2024-2025



Styrkleikar

Félagsfærni – Markmið var að öll börnin á deildinni væru í góðri félagslegri stöðu í barnahópnum.

Gerð var KVAN greining á félagslegri stöðu barna á starfsdögum og var markmið að öll börnin kæmust í hópana „meðal“ eða „vinsæl“. Þetta náðist að hluta til.

Málörvun – Markmið var að efla gefðu 10 á deildinni. Gefðu 10 gekk best þegar við áhersla var á að allir töluðu við eitt barn.

Tækifæri

Félagsfærni - Markvissari áætlanir væri hægt að gera, styðja börnin betur í leik, örva málþroska og að starfsfólk verði meðvitaðari um félagslega stöðu barnanna.

Sjálfsþing - Vinna betur með sjálfsþinginu þannig að börnin geti klætt sig sjálf í einfaldan útifatnað og geti staðið frammi fyrir hóp, sagt nafn sitt og sungið .

Málörvun - Minna hvort annað á að gefa 10.



5 Umbótaáætlun Bakka 2025-2026

Bakki/1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla vináttu meðal barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk hjálpar börnunum að tengjast í gegnum leik og styður við leikinn. Börnin fá að leika í litlum hópum.
Ábyrgð	Hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax eftir aðlögun og fram að sumarfríi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal við hópstjóra og spyrja börnin til að finna út hvort allir eigi vini og hvort börnin séu hjálpsöm og vinalæg við hvert annað. KVAN greining á félagslegri stöðu barnanna.





Bakki/1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að geta klætt sig sjálf í skófatnað og húfu. Geta staðið fyrir framan hóp sagt nafn sitt og sungið eitt lag eða sagt frá einhverju.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í hópatíma æfa börnin sig að klæða sig í og standa fyrir framan hóp.
Ábyrgð	Hópstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar og fram að sumarfríi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Myndbandsupptaka í janúar og aftur í maí til að sjá framfarir í að klæða sig og að standa fyrir framan hóp og tala/syngja.





Bakki/1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka þemastarf á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Velja þema fyrir hvern mánuð. Skipuleggja hópastarf út frá þemanu.
Ábyrgð	Deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax og færi gefst að hausti þá hefst undirbúningur og í desember/janúar hefst þematengt hópastarf.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundi í apríl og aftur í lok maí til að meta hvernig gengur.



6 Innra mat Álfhóls 2024-2025



Styrkleikar

Málörvun: Markmið var að nota myndrænu lyklakippurnar betur. Lyklakippurnar eru nú í öllum rýmum og voru vel notaðar fyrst um haustið.

Málörvun: Markmið var að nota orðin úr flæðilestri í frjálsum leik. Vel gekk að velja orð og undirbúa myndirnar með orðunum.

Félagsfærni: Markmið var að börnin æfðu sig í að tala fyrir framan hóp. Öll börnin fengu að vera umsjónamaður og fengu mikla æfingu því umsjónamaðurinn segir þremur hópum, á hverjum degi, hvað er í matinn og býður gjörið svo vel.

Tækifæri

Málörvun: Við viljum halda lyklakippunum áfram og kynna starfsfólki deildarinnar notkun þeirra betur í upphafi skólaárs.

Málörvun: Skipuleggja betur hvernig við komum orðunum úr flæðilestri (þemaorð) markvisst yfir í frjálsa leikinn og efla flæðilestur á deildinni.

Félagsfærni: Markmið okkar um að bæta við KVAN leikjum náðist ekki en mikil félagsfærniþjálfun fór fram í frjálsum leik.



7 Umbótaáætlun Álfhóls 2025-2026

Álfhóll/2-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að hafa flæðilestur einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Það verður fastur tími á Lundi í samveru fyrir hádegismat fyrir flæðilestur.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 til lok maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningarblað inni á Lundi þar sem merkt er við þegar hópur fer í flæðilestur. Metið í nóvember og aftur í lok mars.





Álfhóll/2-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin æfi sig að standa fyrir framan hóp og segja frá.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin æfa sig að standa upp á holukubbi fyrir framan hóp og segja frá í samveru á Kletti fyrir hádegismat.
Ábyrgð	Deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2026, fyrr ef börnin eru orðin nógu örugg eftir aðlögun.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningablað á Kletti þar sem merkt er við þegar þetta er æft.





Álfhóll/2-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka vináttu á deildinni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vináttuverkefni Blæs einu sinni í viku í hópstarfi.
Ábyrgð	Deilarstjóri og hópstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 út maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningarblað í hópstjóramöppu þar sem hakað er við þegar börnin fóru í Blæstund.



8 Innra mat Dvergasteins 2024-2025



Styrkleikar

Félagsfærni – Markmið var að vinna með félagsstöðu barna á deildinni svo öll börnin yrðu í góðri félagslegri stöðu í barnahópnum. Unnið var mikið með vináttu í gegnum Blæ og fyllt var út í KVAN greiningu á félagslegri stöðu barnanna fjórum sinnum yfir skólaárið. Það gekk vel að koma börnum úr hópnum „týnd“ og „hafnað“ með því að setjast með þeim í leik og hjálpa þeim að leika með hinum börnum.

Málörvun – Markmið var að styrkja starfsfólk í gefðu 10. Það gekk vel að gefa 10.

Tækifæri

Félagsfærni - Að starfsfólk taki meiri þátt í leik allra barna á deildinni.

Málörvun - Að skrá á gefðu 10 blaðið. Oft er búið að tala við börnin en gleymist að merkja við.



9 Umbótaáætlun Dvergasteins 2025-2026

Dvergasteinn/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir geti leikið við alla.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kennarar hjálpa börnum að tengjast saman í gegnum leikinn. Kennari er til staðar og styður við leikinn.
Ábyrgð	Deildarstjóri og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 út júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtöl á deildarfundum um vinatengsl barnanna og KVAN greining á félagslegri stöðu barnanna þrisvar sinnum á ári.





Dvergasteinn/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin geti gengið sjálf frá dóti á rétta staði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Byrja með fátt dót í einu svo auðvelt sé að ganga frá og bæta svo við fleira dóti eftir því sem börnin verða færari í frágangi.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax að hausti og fram að sumarfríi
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða stöðuna á deildarfundi í desember og aftur í mars.





Dvergasteinn/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Styrkja tjáningarfærni barnanna Vinna betur með bækur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka spjall við börnin í samveru Lesi sömu bókina í heila viku og vinna með orðaforða úr henni. Lesi bók í litlum hópum upphafi hópastarfs.
Ábyrgð	Allir kennarar á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax og nýr hópur kemur að hausti og fram að sumarfrí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða saman á deildarfundi einu sinni í mánuði, hvað starfsfólki finnst, hvort börn séu að tala meira og hvernig gangi.



10 Innra mat Trölladyngju 2024-2025



Styrkleikar

Málörvun – Markmið var að auka málproska, orðaforða og skilning með því að skipta börnunum í tvo hópa í samveru og aðlaga námsefni að þörfum hvors hóps. Þetta gekk vel, börnin höfðu meiri athygli í samverum og vel gekk að finna bækur og námsefni fyrir hvorn hóp. Um vorið var börnunum skipt í þrjá hópa til að ná enn betur til allra barna.

Sjálfsfelling – Markmið var að auka sjálfshjálp barna í fataklefa. Þetta gekk mjög vel, í morgunsamveru var farið yfir fötin sem henta veðri dagsins og börnin vissu því í hvað þau ættu að klæða sig.

Tækifæri

Málörvun – Ekki var skipt í tvær samverur strax því mörg börnin voru ennþá í sofandi hvíld. Næst myndum við vilja skipta börnum í tvær til þrjár samverur strax í september.

Sjálfsfelling – Æfa betur að ganga frá fötunum eftir útiveru í fataklefanum. Prófa að gefa umsjónarmanni ábyrgðarhlutverk að minna alla á að ganga frá í fataklefanum.



11 Umbótaáætlun Trölladyngju 2025-2026

Trölladyngja/ 4-5 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Æfa að bíða og skiptast á.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stilla tíma í valinu til að æfa þau sem komust ekki á sitt óskasvæði að bíða og hin að skiptast á þegar tíminn er búinn.
Ábyrgð	Starfsfólk sem er á innisvæðum í valinu samkvæmt dagskipulagi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með samtali á deildarfundi í lok nóvember og aftur í mars.





Trölladyngja/4-5 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leyfa börnum að taka meiri ábyrgð. Æfa sig að ganga frá fötunum sínum í fataklefa eftir útiveru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Umsjónamaður fær það ábyrgðarhlutverk að minna börn á að ganga frá fötunum sínum. Kennari aðstoðar eftir þörfum.
Ábyrgð	Starfsmaður sem sér um morgunsamveru.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með samtali á deildarfundi í lok nóvember og aftur í mars. Rætt saman um hvernig umsjónamanni gengur og hvort börnin gangi frá fötunum sínum.





Trölladyngja/4-5 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna markvissar með orðaforða á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bæta við aðferðinni Orðaspjall í tengslum við mánaðarþema.
Ábyrgð	Deildarstjóri og einn starfsmaður deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Einu sinni í viku, byrjað um miðjan september og út maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið mánaðarlega í lok þema, metið með spjalli við börnin í samveru og verkefnum og samtölum við starfsfólk deildar. Útbúin verður mappa fyrir Orðaspjall.



12 Innra mat Skessubóls 2024-2025



Styrkleikar

Félagsfærni: Markmið var að börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti, styrki félagsleg tengsl sín á milli og eigi uppbyggjandi samskipti, með því að vinna með Vináttuverkefnið Blær, Barnasáttmálann og Uppeldi til ábyrgðar. Þetta gekk vel, kennarar voru virkir og til staðar til að hjálpa börnunum og leiðbeina um æskilega hegðun og samskipti. Samskipti einkenndust af virðingu, hlýju, hjálpsemi og vináttu.

Sjálfsþing: Markmið var að styrkja sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, jákvæðni, sjálfsmat og sjálfstraust barna með því að hrósa hverju öðru, hvetja börnin til að gera sjálf, vinna saman og sýna frumkvæði. Við lögðum áherslu á að hrósa fyrir jákvæða hegðun og það sem börnin gerðu vel.

Sjálfbærni: Markmið var að börnin læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt af virðingu með því að fara út að skoða, sjá og upplifa náttúruna, ásamt því að flokka rusl og draga úr matarsóun. Þetta gekk vel, í matartímanum minnkaði matarsóun, rusl var flokkað á deildinni, blöð voru nýtt vel.

Tækifæri

Lagt er til að kenna börnunum í ríkari mæli í gegnum upplifanir og virkni í daglegum athöfnum. Á tímalínu leikskólans eru fjölbreyttir þemadagar og hver mánuður einkennist af ákveðnu viðfangsefni sem unnið er með á markvissan hátt. Tilvalið væri að tengja þessi mánaðarþemu/-daga við vettvangsferðir, þar sem börnin fá tækifæri til að kynnast efniinu í lifandi samhengi. Ein hugmynd í þessu samhengi er að börnin fái að kynnast upprunalöndum hvers annars.

Í því skyni væri dýrmætt að virkja foreldra til samstarfs og hvetja þá til að kynna sitt upprunaland og menningu fyrir börnunum á skapandi og fjölbreyttan hátt. Slíkt stuðlar að auknum skilningi, virðingu og fjölmennigarlegri meðvitund í hópnum.



13 Umbótaáætlun Skessubóls 2025-2026

Skessuból/5-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að leika sér saman þannig að allir geti tekið þátt og fundið sér hlutverk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið markvisst með vináttu og tilfinningagreind í hópastarfi. Eftirfylgd starfsfólks í frjálsum leik.
Ábyrgð	Deildarstjóri, hópstjórar, annað starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti einu sinni á önn.





Skessuból/5-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsþing.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin verði sjálfstæðari við matarborðið og í fataklefanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að börnin fái nægan tíma til þess að klæða sig sjálf í fataklefanum. Allir prófi fyrst áður en þau fá aðstoð. Við matarborðið fái börnin meiri ábyrgð, helli í glös og smyrji sjálf.
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september og að skólalokun.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið reglulega á deildarfundum, að minnsta kosti tvisvar á önn.





Skessuból/5-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að bókalestur inni á deild hæfi tungumálagetu barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnum verði skipt eftir tungumálakunnáttu í hvíld eftir mat svo allir fái örvun við hæfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk sem sér um hvíld.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá september og fram að útskrift.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum, að minnsta kosti einu sinni á önn og eftir þörfum.





14 Innra mat sérkennslu 2024 - 2025

Styrkleikar

Markmið var að halda sérkennslufundir tvisvar í mánuði. Það gekk vel, sérstaklega fyrri hluta vetrar. Fundum var fækkað niður í einu sinni í mánuði eftir endurmat þar sem ekki þótti þörf á jafn tíðum fundum.

Annað markmið var að halda einstaklingsnámskránni lifandi. Margir stuðningsaðilar náðu að vinna vel með einstaklingsnámskrá og skrá í hana daglega.

Tækifæri

Skrá í dagatal hvenær á að fylla út skimanir og skráningar til að fylgjast betur með framförum og uppfæra einstaklingsnámskrár reglulegar.

Auka handleiðslu og stuðning við stuðningsaðila.





15 Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að fylla út skimanir og skráningar með reglulegu millibili til að geta metið framfarir og uppfært einstaklingsnámskrár betur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til dagatal með dagsetningum um hvenær á að gera skráningar og skimanir fyrir hvert stuðningsbarn.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Dagatal gert í ágúst.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á fundum og mánaðaralega farið yfir hvort búið sé að gera allar skráningar og skimanir.





Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Handleiðsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að veita stuðningsaðilum betri handleiðslu og eftirfylgni í gegnum stuðningshlutverkið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til handbók eða tékklista um verklag fyrir stuðningsaðila. Fundir annan hvern föstudag með hverjum stuðningsaðila til að fara yfir vinnustundir síðustu vikna og hvernig gengur.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 til lok júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Sérkennslustjóri skráir hvenær hann hittir stuðningsaðila. Metið er á tveggja vikna fresti hvort náðst hafi að hitta alla. Samtöl við stuðningsaðila á fundi í nóvember og aftur í apríl til að fá álit þeirra á handleiðslu til þeirra og stuðningi.





16 Innra mat - börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024-2025

Styrkleikar

Markmið var að vinna málörvunarstundir meira í hópum. Búið var til lítið málörvunarskot með sófa og kómóðu þar sem hægt er að hafa málörvun fyrir litla hópa. Börn sem þurftu auka málörvun voru sett í málörvunarhóp og/eða einstaklingsmálörvun. Búin var til læsisáætlun fyrir leikskólann sem náði til hlutverks bæði deilda og sérkennslu í málörvun.

Annað markmið var að innleiða hæfniramma á öllum deildum leikskólans. Markmiðið náðist að hluta; hæfnirammarnir voru fylltir út tvisvar á skólaárinu fyrir börn á bæði Dvergasteini og Trölladyngju.

Tækifæri

Skipuleggja málörvunarstundir sérkennslu og notkun rýma enn betur svo öll börn sem þurfa fá fasta tíma í auka málörvun.

Styrkja deildir í gagnreyndum málörvunaraðferðum til að styðja betur við málþroska allra barna inni á deild.





17 Umbótaáætlun - Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2025-2026

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun sérkennslu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börn sem ættu að fá auka málörvun hjá sérkennslu, samkvæmt læsisáætlun, fái hana tvisvar í viku í 12 vikur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Um leið og barn þarf auka málörvun hjá sérkennslu, samkvæmt læsisáætlun, er barnið sett í málörvunarhóp. Settir verða niður fastir tímar og staðsetningar fyrir málörvunarhópa.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar og sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Merkt við þegar hvert barn fer í málörvunartíma. Fjöldi skipta er talinn um hver mánaðarmót og athugað hvort markmiði hafi verið náð.





Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stuðningur við málörvun inni á deild
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Styrkja deildir í gagnreyndum málörvunaraðferðum sem styðja vel við málþroska barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna deildarstjórum þemastarf á deildarstjórafundum fyrir sumarfrí 2025 og hitta deildarstjóra reglulega yfir veturinn til að ræða hvernig gengur. Fræðsla um samræðulestur á starfsdegi að hausti fyrir alla starfsmenn. Verkefnastjóri fjölmennningar hittir deildastjóra reglulega til að meta saman hvernig gengur með þemastarf og lestur deildarinnar.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þemavinnan kynnt á deildarstjórafundum fyrir sumarfrí 2025. Verkefnastjóri fjölmennningar hittir deildarstjóra annan hvern mánuð til að ræða saman um málörvun deildarinnar.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundur um áramót og aftur að vori til að heyra mat og reynslu starfsfólks deildar.





18 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtal var því miður aðeins eitt á þessu skólaári þar sem leikskólastjóri fór í veikindaleyfi og aðstoðarleikskólastjóri var sú sem tók viðtölin á vormánuðum. Það var áskorun að koma þeim fyrir og gekk skipulagið ekki alveg upp en allir fengu viðtal sem var ánægjulegt. Starfsmannahópurinn var í heild mjög ánægður en það má ávallt gera betur. Með samvinnu stjórnenda og annars starfsfólks má skapa starfsanda sem byggir enn frekar á gleði, vináttu og virðingu.

- Starfsmenn Bakkaborgar munu halda áfram á námskeiðinu Lífsgæði í leikskólastarfi hjá Sögu Story house. Þann 6. október verður námskeið tvö en fyrsta námskeiðið var haldið á skólaárinu 2024-2025. Námskeið þrjú og fjögur eru ákveðin í samráði við leiðbeinendur á haustmánuðum.
- Skyndihjálparnámskeið verður haldið 28. nóvember 2025
- Stefnt er að því að fara í námsferð erlendis en sú ferð er ekki ákveðin 100% hvert verður farið eða hvað verður skoðað.

19 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Gott samstarf var á milli Bakkaborgar og Breiðholtsskóla skólaárið 2024- 2025. Elsti árgangurinn fór í íþróttir í Breiðholtsskóla þar sem íþróttakennari Bakkaborgar sá um íþróttirnar. Árgangurinn fór í fjölmargar skólaheimsóknir í Breiðholtsskóla. Þá komu nemendur frá Breiðholtsskóla í starfsnám bæði á haust- og vorönn. Því miður voru ekki að skipulagðar lesstundir fyrir elstu börnin á bókasafni Breiðholtsskóla eins og áætlað var á síðasta ári. Almenn ánægja var með samstarfið við Breiðholtsskóla en það er okkar markmið að ná betur saman við frístund og efla enn frekar samstarf við Breiðholtsskóla.

Samstarf Bakkaborgar og Breiðholtsskóla 2024-2025

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Október 2024 til maí 2025	Íþróttir – elstu börnin	Íþróttahús Breiðholtsskóla	Deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
9. október 2024	Leikskólabörn koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla	Útisvæði Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari





			Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
23. október 2024	Leikskólabörn koma í skólaheimsókn í stofur þar sem lesin var saga, borðað nesti og spjallað, útivera.	Skólastofa fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla, útisvæði	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
6. og 21. nóvember 2024	Heimsókn leikskólabarna á bókasafn skólans	Bókasafn Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
13. og 20. febrúar 2025	Leikskólabörn koma í íþróttatíma hjá 1. bekk, í frímínútur og borða í matartíma	Íþróttasalur Breiðholtsskóla Breiðholtsskóli	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
12. mars 2025	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel og leika á skólalóð	Frístundaheimilið Bakkasel	Forstöðumaður Bakkasels og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
9. apríl 2025	Leikskólabörn koma í skólaheimsókn í stofu þar sem þau horfðu á sögu, borðuðu nesti, spjölluðu og voru í útiveru	Skólastofa fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla, útisvæði	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari
21. og 22. maí 2025	Vorskóli þar sem leikskólabörn koma með kennurum sínum og fá að kynnast skólastarfinu.	Kennslustofur fyrsta bekkjar í Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónakennari Breiðholtsskóla og deildarstjóri elstu deildar í Bakkaborg
22. maí 2025	Leikskólabörnum og foreldrum er boðið á	Skólalóð Breiðholtsskóla	Deildarstjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/





	vorhátíð skólans sem haldin verður seinni partinn.		umsjónakennari Breiðholtsskóla og foreldrafélag Breiðholtsskóla
10. júní 2025	Skil á milli skóla	Breiðholtsskóli	Deildarstjóri, sérkennslustjóri og fagstjóri yngri barna grunnskóla/ umsjónarkennari

20 Foreldrasamvinna

Í foreldrakönnun kom í ljós að meirihluti foreldra fannst þátttaka foreldra hæfilega mikil í starfi leikskólans og er það mjög ánægjulegt. Þegar niðurstaða vegna mats á framförum barns vegna þroska og framfara var skoðuð þá var mjög stór hluti foreldra sem var ekki viss um að þau tækju þátt í að meta þroska og framfarir barnsins þeirra, það vakti athygli hjá stjórnendum og er það ætlun stjórnendateymis Bakkaborgar að skoða hvaða leið við getum farið til að auka aðkomu foreldra að þessari vinnu.

Foreldraviðtöl voru haldin að hausti og vori og skiptu deildir viðtalsdögum á milli sín og ákveðnir dagar voru valdir fyrir viðtöl þar sem óskað var eftir tálkaþjónustu. Reynt var að raða systkinum á sömu daga þannig að foreldrar og forráðamenn fengju samfellu í viðtölum.

Foreldrakynningar voru haldnar í haust á hverri deild þar sem deildarstjórar fóru yfir hvaða námsefni og hverjar áherslurnar eru fyrir skólaárið. Það var vel mætt og lýstu foreldrar almennri ánægju með þessa kynningu.

Samstarf við foreldrafélagið hefur að mestu leyti farið fram í gegnum tölvupósta. Því miður hafa fundir sem voru ákveðnir fallið niður vegna óviðráðanlegra aðstæðna en samskiptin hafa verið góð við þær sem eru í forsvari fyrir félagið.

Foreldraráð Bakkaborgar er fámennt en það eru einungis þrjár mæður sem eru í því teymi. Því miður fórst það fyrir að finna nýja foreldra á foreldrafundum sem voru haldnir að hausti. En við erum svo heppin að þessar mæður hafa lesið og farið yfir það sem þarf og er það þakkar vert. Við munum passa sérstaklega vel upp á þetta næsta haust.





21 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2025 – 2026 eru eftirfarandi:

- 6. október 2025
- 28. nóvember 2025
- 2. janúar 2026
- 6. febrúar 2026
- 24. apríl 2026
- 15. maí 2026





22 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 Bakkaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug María Agnarsdóttir
Erla Sonja Guðmundsdóttir
Katrín Rós Þrastardóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunarinnar samræmast vel starfi leikskólans síðasta árs. Starfsáætlunin byggir á niðurstöðum innra mats sem gerð var á skólaárinu 2024-2025 og tekur mið af þeim styrkleikum og tækifærum til umbóta sem komu fram. Áherslur á félagsfærni, sjálfseflingu og málörvun eru samfelldar frá fyrra ári og endurspeglar þá faglegu nálgun sem hefur einkennð starf leikskólans.

Foreldraráð tekur undir með aðstoðarleikskólastjóra um að farsæll vetur er að baki. Starf leikskólans fór vel fram og var foreldrum boðið að sitja fyrirlestur um málörvun, og fór sá fyrirlestur mjög vel fram og mætti gjarnan vera fastur liður árlega í einni eða annarri mynd og kynna þá öllum foreldrum óháð aldri barna.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er skipulögð á skýran hátt með efnisyfirliti og skýrum köflafyrirsögnum. Hún er samt frekar viðamikil og tæknileg í orðalagi. Þó svo að uppsetningin sé fagmannleg þá gæti hún verið aðgengilegri fyrir foreldra með einfaldari tungumáli og fleiri skýringum á faghugtökum.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin veitir góða innsýn inn í starfið. Hún sýnir skýrt hvernig unnið er á hverri deild með markviss umbótaverkefni sem miða við aldur og þroska barnanna. Sérstaklega er gott að sjá hvernig hver deild hefur sínar sérstöku áherslur og aðferðir.

Foreldrafundir fóru fram með góðri upplýsingagjöf og úttekt á stöðu barna vel ígrunduð af öllu starfsfólki deildanna, svo sjónarhorn margra starfsmanna voru talin upp fyrir hvert barn svo heildarnálgun náðist um stöðu barnanna.





Störf innan hvernar deildar voru unnin af heilindum og ánægjulegt að sjá aðgerðaáætlanirnar fyrir hverja deild taka á meginþáttum til að efla sjálfstæði og nám hvers barns, sem og byggja upp virðingu og vináttu í hópnum innan hvernar deildar með ýmsum hætti.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Við höfum nokkrar athugasemdir:

1. Málörvunarfyrirlestrar: Þar fengu foreldrar og forráðakonur/menn upplýsingar um málstefnu Reykjavíkurborgar, þau verkefni sem er gjarnan verið að vinna með innan leikskólanna, starf innan hverfis til stuðnings sem og tillögur að gögnum og tækifærum heimavið til að styðja við börnin. Þetta má gjarnan vera fastur liður árlega, þá sér í lagi sem menntun fyrir foreldra til að styðja við málfærni barnanna.
2. Starfsþróun: Þar sem leikskólastjóri var í veikindaleyfi og því starf aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra innt af einni manneskju, þá er fullur skilningur á að ekki náðist að vinna alla innri þróun starfsmanna. Viljum við samt hrósa fyrrum aðstoðarleikskólastjóra nú leikskólastjóra fyrir að hafa unnið starfið af mikilli fagmennsku og alúð.
3. Foreldrasamvinna: Gott að sjá að tekið hefur verið mið af niðurstöðum foreldrakönnunar varðandi þátttöku foreldra í mati á þroska og framförum barnanna. Vonumst til að þær leiðir sem leitað verður að til að auka aðkomu foreldra að þessari vinnu skili sér næsta ár.
4. Samstarf við grunnskóla: Mjög jákvætt að sjá hve vel samstarfið við Breiðholtsskóla gekk og vonumst til að það verði enn frekar eft.

Í heild er starfsáætlunin vel útfærð og endurspeglar faglegt og markviss starf sem leggur áherslu á þarfir og þroska hvers barns.

Fulltrúar í foreldraráði:

Áslaug María Agnarsdóttir

Erla Sonja Guðmundsdóttir

Katrín Rós Þrastardóttir





Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Bakkaborg**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarlokun	1 M		1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Frídagur verslunarmanna	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ	Sumarlokun	5 F		5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M	Sumarlokun	6 L		6 M	Skipulagsdagur SB	6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans/Starfsdagur	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F	Sumarlokun	7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F	Sumarlokun	8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
# S		# M		# F		# M		# M		# L		# Þ		# Þ		# F		# S		# M	Skólasílit grunnskóla	10 F	
# M	Sumarlokun	# F		# L		# Þ		# F		# S		# M	Dagur íslenska táknmálsins	# M		# L		# M		# F		11 L	
# Þ		# F		# S		# M		# F		# M		# F		# F		# S		# Þ		# F		12 S	
# M		# L		# M		# F		# L		# Þ		# F		# F		# M		# M		# L		13 M	
# F		# S		# Þ		# F		# S		# M		# L		# L	Dagur stærðfræðinnar	# Þ		# F	Uppstigningardagur	# S		14 Þ	
# F		# M		# M		# L		# M		# F		# S		# S		# M		# F	Skipulagsdagur	# M		15 M	
# L		# Þ	Dagur íslenskrar náttúru	# F		# S	Dagur íslenskrar tungu	# Þ		# F		# M	Bolludagur	# M		# F		# L		# Þ		16 F	
# S		# M		# F		# M		# M		# L		# Þ	Sprengidagur	# Þ		# F		# S		# M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
# M		# F		# L		# Þ		# F		# S		# M	Öskudagur	# M		# L		# M		# F		18 L	
# Þ		# F		# S		# M		# F		# M		# F	Skráningardagur	# F		# S		# Þ		# F		19 S	
# M		# L		# M		# F	Dagur mannréttinda	# L		# Þ		# F	Skráningardagur	# F		# M		# M		# L		20 M	
# F		# S		# Þ		# F		# S		# M		# L		# L		# Þ		# F		# S		21 Þ	
# F	Skóasetning grunnskóla	# M		# M		# L		# M		# F		# S	Konudagur - upphaf	# S		# M		# F	Umhverfis dagur	# M		22 M	
# L		# Þ		# F		# S		# Þ	Þorláksmessa	# F	Bóndadagur - upphaf Þorra	# M		# M		# F	Sumardagurinn fyrsti	# L		# Þ		23 F	
# S		# M		# F	Skráningardagur	# M		# M	Aðfangadagur jóla	# L		# Þ		# Þ		# F	Skipulagsdagur SB	# S	Hvítasunnudagur	# M		24 F	
# M		# F		# L	Fyrsti vetrardagur	# Þ		# F	Jóladagur	# S		# M		# M		# L		# M	Annar í Hvítasunnu	# F		25 L	
# Þ		# F	Evrópski tungumálad.	# S		# M		# F	Annar í jólum	# M		# F		# F		# S		# Þ		# F		26 S	
# M		# L		# M	Skráningardagur	# F		# L		# Þ		# F		# F		# M		# M		# L		27 M	
# F		# S		# Þ	Skráningardagur	# F	Skipulagsdagur SB	# S		# M		# L		# L		# Þ		# F		# S		28 Þ	
# F		# M		# M		# L		# M	Skráningardagur	# F				# S	Pálmásunnudagur	# M		# F		# M		29 M	
# L		# Þ		# F		# S		# Þ	Skráningardagur	# F				# M	Skráningardagur	# F		# L		# Þ		30 F	
# S				# F				# M	Gamlársdagur	# L				# Þ	Skráningardagur			# S				31 F	

Í reglum um leikskólaláþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.